

***Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 9. desember 2021: Fyrirspurn fulltrúa
Sjálfstæðisflokks – MSS21120169***

Fulltrúa Sjálfstæðisflokks óskar eftir því að skýrt verði nánar hvers vegna stofnað hafi verið til meginþorra innkaupa fyrir miðlæga starfsemi Reykjavíkurborgar fyrir fyrstu 9 mánuði ársins, að upphæð 767.838.235,- kr., með svokölluðu „beinu sambandi“ eins og það er skilgreint í framlögðu yfirliti 9 mánaða uppgjöri þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Með fyrirspurninni er verið að óska eftir almennu sjónarmiði sviðsins varðandi innkaup af því tagi sem yfirlitið nær yfir, fyrst og fremst hvort ekki sé hægt að ná fram hagstæðari innkaupum með öðru vinnulagi eða innkaupaferlum fyrir miðlæga starfsemi borgarinnar.